

Mál nr. 8/2010

Ár 2010, mánudaginn 17. maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2010:

X

gegn

Y og Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu pöruðu hund í eigu kærða Z og tík í eigu kærðu Y án þess að þau væru með gild augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu með bréfi 5. mars og þeim gefin frestur til að andmæla til 6. apríl. Kærðu sendu sameiginlega umsögn dagsetta 27. mars þar sem þú gengust við brotinu skýlaust og lofuðu því að brjóta ekki af sér að nýju. Báðu þau um að kæran væri felld niður á hendur þeim. Umsögn þeirra var send HRFÍ sem svaraði með bréfi dagsettu 11. maí 2010 þar sem stjórnin fór fram að siðanefnd úrskurðaði í málinu. Þegar siðanefnd taldi allar upplýsingar fram komnar og öll sjónarmið komin fram voru aðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 17. maí 2010. Þar sem sættir tókust ekki milli aðila var málið tekið til úrlausnar hjá nefndinni.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Þann 29. júní 2009 voru hundur í eigu kærða Z og tík í eigu kærðu Y pöruð án þess að fyrir lægi augnvottorð. Um er að ræða hund og tík af hundakyninu Enskum cocker spaniel. Þegar kærðu mættu á fund siðanefndar upplýstu þau að pörunin hafi verið með vitund og vilja beggja eigenda. Kærðu létu síðar eftir að pörun átti sér stað augnskoða hundana og fengu augnvottorð og hafa í framhaldinu fengið ættbækur vegna fjögurra hvolpa sem fæddust 1. september. Við skráningu á hvolpunum hjá HRFÍ kom í ljós að hundarnir voru ekki með gild augnvottorð og var það sent til úrlausnar siðanefndar.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 2.6. í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Þess utan ber félagsmanni að:

„Vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun eða skapgerðarmat sé þess krafist fyrir ræktunarhund.“

Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir:

„Enskur cocker spaniel:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.“

Í málinu er óumdeilt að ekki lá fyrir gilt augnvottorð þegar hundarnir voru paraðir. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að hundar af hundakyninu Enskum cocker spaniel skal

skila augnvottorði og telst það til þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6. í grundvallarreglum félagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Kærðu bentu á að hundarnir hefðu síðar undirgengist augnskoðun og staðist hana án athugasemda. Er þetta óumdeilt enda hafa hvolparnir fengið ættbækur útgefnar. Það að hundarnir stæðust síðari augnskoðun breytir ekki brotinu enda gátu kærðu ekki séð fyrir þá niðurstöðu. Þá skal á það bent að reglan hljóðar á um að vottorð liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn sé ekki með arfgengan augnsjúkdóm. Reglunni er ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Þá verður einnig að líta til þess í þessu sambandi að kærðu upplýstu að hundarnir hefðu aldrei áður sætt augnskoðun. Hins vegar verður að líta til þess að kærðu hafa ekki stundað ræktun áður og hafa skýlaust gengið við brotinu, mætt á fund siðanefndar og fullyrt að slíkt brot myndi ekki endurtaka sig. Hefur framkoma þeirra verið til fyrirmyndar í alla staði. Á hinn bóginn hefði brotið getað haft alvarlegar afleiðingar hefðu hundarnir ekki staðist augnskoðun.

IV. Niðurstaða

Kærðu teljast bæði hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ um ræktun. Kærða Y er áminnt. Kærði Z er áminntur.

f.h. siðanefndar